

Þriðjudaginn 8. júní 1993.

Nr. 169/1992. **Einar Þór Vilhjálmsson**
 gegn
Fjárfestingarfélaginu Skandia hf..

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Stefndi hefur tekið við aðild málsins af Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagins hf.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1992. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1992. Málið var þingfest í Hæstarétti 1. júní 1992, og fékk áfrýjandi þá frest til október 1992. Hefur hann síðan fengið frest sjö sinnum, síðast til reglulegs þingdags 2. júní sl. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi enn eftir fresti til októbermánaðar.

Af hálfu stefnda hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verið vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur enga skýringu á því gefið, af hverju frestur sá, sem hann hefur haft til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti, hefur ekki nýst honum. Við svo búið þykir ekki fært að veita áfrýjanda frekari frest í málinu. Ber því að vísa því frá Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki gert kröfu um málakostnað, og verður hann ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
